

Leikskólinn Álfatún

Leikandi læsi

Verkefnastjóri: Jana Pind



Sameiginlegt þróunarverkefni leikskóla Kópavogs 2016 – 2017
Læsi er meira en stafastaut

Þróunarverkefnið: Leikandi læsi 2016 - 2017

Inngangur.....	3
Bakgrunnur og markmið.....	3
Framvinda.....	4
Öflun gagna.....	4
Niðurstöður og mat.....	5
Bókasafnið	6
Deildarstarfið	7
Björk	7
Hlíð og Lind	9
Ból	13
Lækur	16
Sameiginleg verkefni á hæðinni	21
Lokaorð.....	22
Endurmat frá leikskólastjóra	23
Fylgiskjal 1	24
Fylgiskjal 2	26
Fylgiskjal 3	27
Fylgiskjal 4	29

Inngangur

Á skólaárinu 2016 – 2017 unnu leikskólar Kópavogs að sameiginlegu þróunarverkefni undir yfirskriftinni: Læsi er meira en stafastaut. Verkefnið var samvinnuverkefni allra leikskóla bæjarins og umsjónarmanneskja þess var Guðrún Bjarnadóttir frá Menntasviði Kópavogs, leikskóladeild.

Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla (2011) eru samskipti og læsi einn af grunnþáttum menntunar og fléttast inn í allt leikskólastarf. Þjóðarsáttmáli um læsi er einnig í gangi og haustið 2016 leit *Stefna Kópavogsbæjar um mál og læsi í leik- og grunnskólum* dagsins ljós. Nýlegar rannsóknir sýna að ef börn fá snemma fjölbreytta örvun tengda máli, tjáningu og læsi hefur það mikil áhrif á áhuga og getu þeirra í þroska og námi.

Bakgrunnur og markmið

Leikur er aðalnámsleið barna á leikskólastigi og fékk verkefnið okkar heitið: *Leikandi læsi*. Málörvun er jafnframt einn af áherslupáttum Álfatúns og er mikil áhersla lögð á málrækt og eflingu hennar í öllu starfi leikskólans. Megináherslur okkar voru eftirfarandi:

- Að styrkja læsi í víðum skilningi og samþætta við leik og sköpun barnanna í daglegu starfi.
- Efla vinnu með alla þætti málþroska, málskilnings og tjáningar út frá aldri og þroska barnanna.
- Bæta umhverfi leikskólans með merkingum og textum um húsið.
- Styrkja ritmálsörvun með góðu aðgengi að pappír og ritföngum í leik eftir því sem hæfir aldri barnanna.
- Hafa bækur sýnilegar og aðgengilegar börnum í leik, samveru- og næðisstundum.
- Leggja áherslu á gæði í bókakosti og kaupa vandaðar bækur þar sem tekið er tillit til jafnréttishugsjóna, fjölbreytileika og fjölmennningar.

- Upplýsa foreldra um mikilvægi bernskulæsis og hvetja til heimalesturs með börnunum.
- Auka hæfni og þekkingu starfsmanna á viðfangsefninu og styrkja þá í starfi sínu, m.a. með fræðslu og umræðum í starfsmannahópi.

Verkefnisspurningar okkar voru:

1. Hvernig getum við stuðlað að því að samþætta leikandi læsi í daglegt starf barnanna í Álfatúni?
2. Hvaða viðbætur við skólanámskrána viljum við sjá í læsisstefnu Álfatúns?

Framvinda

Undirbúningur verkefnis hófst í júní 2016 með fundi fagfólks þar sem ræddar voru hugmyndir og lagðar línur fyrir komandi starf. Verkefnið hófst í byrjun september 2016 og lauk í lok maí 2017. Framkvæmd og framvinda verkefnisins var ákveðin á fyrsta skipulagsfundi haustsins þar sem mörkuð var sú stefna að læsi í víðum skilningi yrði rauður þráður í öllu starfi skólaárið 2016 - 2017. Þá var einnig ákveðið að jólagjöf til foreldra myndi tengjast læsisverkefninu með einum eða öðrum hætti: bókagerð, bókamerki og/eða sögugerð með myndverki. Á öllum deildum skyldi lögð áhersla á bókaskoðun og lestur og mikilvægi endurtekningar og upprifjunar í heiðri höfð. Deildarstjórar höfðu yfirumsjón með vinnu sinna deilda í samráði við verkefnastjóra. Afrakstur verkefnisins var sýndur á Opnu húsi í Álfatúni þann 17. maí.

Öflun gagna

Helstu aðferðir við skráningu voru myndir sem teknar voru í mismunandi aðstæðum og verkefnum. Myndbandsupptökur voru jafnframt notaðar eftir því sem henta þótti. Einnig var skráð í dagbækur á nokkrum deildum sem voru aðgengilegar foreldrum og þá var eigin textagerð barnanna á eldri deildum mikið iðkuð við hvers kyns sköpun.

Niðurstöður og mat

Elja og kraftur hafa einkennt þróunarstarfið um læsi í Álfatúni. Starfsfólk hefur sýnt læsisverkefninu mikinn áhuga með fjölbreyttum viðfangsefnum, jákvæðni og hugmyndaauði.

Starfið hefur beinst að eftirfarandi þáttum:

- Fara í leiki og nýta spil sem efla málið.
- Setja orð á allar athafnir.
- Láta rödd barnanna heyrast í stærri og smærri hópum.
- Hlusta á og segja sögur með bókum, loðtöflu, Sögugrunni og öðrum leikmunum.
- Vinna skipulega með orðaforða og málskilning við hæfi hvers aldurs. Á næstelstu deild hefur Orðaspjallsaðferðin verið nýtt.
- Efla skapandi starf með sögu- og ljóðagerð.
- Syngja og klappa atkvæði og stafi, rím og takt.
- Lesa í og leika sér með tölur og stafi. Styrkja ritmálsörvun.
- Efla framkomu og leikræna tjáningu. M.a. voru uppfærslur á Geitunum þremur, Gullbrá og björnunum þremur og þjóðsögunum um Búkollu og Gýpu. Sýningar á Svanavatninu með ballett og skuggaleikhúsi undir tónlist.
- Styrkja sjálfstraust með frjálsum leik, útiveru og félagatengslum.
- Auka sýnileika og aðgengi bókakosts með því að færa bókasafnið upp á efstu hæð þar sem elstu börnin dvelja.
- Undirbúa og kaupa muni fyrir sögupoka til notkunar á öllum deildum. Auka bókakost safnsins.
- Uppgötva og kryfja læsi í umhverfinu, m.a. náttúru og dýralíf í Fossvogsdalnum.
- Huga að góðri umgengni með bækur, fræða og stuðla að endurvinnslu ónýtra bóka með sköpun nýrra verðmæta.
- Stuðla að menningarlæsi m.a. með heimsóknun á menningarstofnanir og -viðburði, t.d. Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Árbæjarsafn, “Öld barnsins” í Norræna Húsinu og Sjóminjasafnið. Brúðuleiksýningin “Íslenski filinn” frá Bernd Ogrodnik á sal. Þá tóku elstu börnin þátt í

Ljóðasmiðju í tengslum við Barnamenningarhátíð þar sem ljóð og myndverk barnanna voru sýnd.

- Styrkja tengsl við foreldra m.a. með góðu upplýsingastreymi, “bangsa heim verkefninu” á deildum 2-3 ára og “póstkassa barnanna” á deildum 4-6 ára. Bókaormur á öllum hæðum.
- Bjóða foreldrum að hlýða á fyrirlestur um Samræðulestur.
- Styrkja og fræða starfsfólk um læsi með fyrirlesturum, vettvangsheimsóknum og umræðum.
- Skerpa á læsisstefnu Álfatúns.

Bókasafnið

Fyrsta verkefni vetrarins var að færa bókasafnið á annan og sýnilegri stað í húsinu. Bókasafnið hafði áður verið á neðstu hæð og bjó þar við þröngan kost vegna plássleysis. Afráðið var að kaupa nýjar hillur og bæta jafnframt við þær og flytja safnið upp í alrými á efstu hæð þar sem elstu barnahóparnir dvelja, Ból og Lækur. Börnin tóku þátt í að færa safnið og er mikil og almenn ánægja með hvernig til hefur tekist. Í tilefni af læsisverkefninu gáfu foreldrar væna upphæð til bókakaupa sem nýttist okkur vel, m.a. til að efla bókakost fyrir yngri börnin. Myndirnar tala sínu máli.



Deildarstarfið

Björk

Á Björk, yngstu deildinni, hefur starfið mótast af aldri og þroska barnanna. Mikil áhersla hefur verið lögð á bókaskoðun og lestur og sögustundir viðhafðar á hverjum degi. Best hefur þótt að skipta barnahópnum í þrjá hópa þar sem 3 - 4 börn eru saman í sögustund. Markvisst hefur verið unnið með tilteknar klassískar bækur á vönduðu íslensku máli og með fallegum og litríkum myndum. Má þar t.d. nefna bækur eins og: *Vala vill leika*, *Sögur úr sveitinni*, *Múmínálfa bækurnar*, *Depils bækurnar*, *Dúi litli* og *Íslensku dýrin*. Hafa þessar bækur verið mikið lesnar og fyrir vikið öðlast ríkan sess í hjörtum barnanna. Einnig hafa loðtöflusögur verið notaðar í þeim mæli sem þær hafa þótt henta, m.a. *Bangsi litli* en lýst er eftir fleiri loðtöflusögum fyrir yngstu börnin.

Eins og ætíð hefur mikið verið sungið með yngstu börnunum og eru ákveðin lög alltaf sívinsæl sem börnin læra utan að og skerpir það mjög á málþroskanum. Má t.d. nefna lög eins og *Litalagið*, *Uglulagið*, *Afi minn og amma mín*, *Sigga litla systir mín* og *Krumma-vísur*. Þá eru dans- og hreyfileikir einnig iðkaðir á hverjum degi eins og t.d. *Tvö skref til hægri*, *tvö skref til vinstri*, *Fyrst á réttunni*, *svo á röngunni*, *Ein sit ég og sauma* og *Bangsi lúrir*.



Jólagjöf yngstu barnanna til foreldra sinna var metnaðarfullt verkefni. Börnin unnu að bókagerð þar sem listaverk þeirra voru aðalefniviðurinn ásamt ljósmyndum af þeim í leikskólanum. Þá innihéldu bækurnar einnig handa- og fótaprykk barnanna. Bókaormur var settur upp á vormisseri þar sem foreldrar voru hvattir til að lesa heima með börnunum og skrá síðan lesturinn á miða í leikskólanum.

Öll tækifæri í daglegum athöfnum eru nýtt til máls og málörvunar. Í fataklefa fer fram mikil máltaka við að klæða í og úr, úti á leikvelli og í gönguferðum. Þá eru matartímar mikil uppspretta málörvunar með því að sett eru orð á allan mat, áhöld, matarvenjur og borðsiði. Lagt er upp með að börnin öðlist sjálfsöryggi til að þau nái að tjá sig sjálf og rík áhersla er lögð á að efla þann grunn í upphafi leikskólagöngunnar hjá hverju og einu barni. Þau eru æfð í að læra nafnið sitt og annarra í barnahópnum og er það óspart þjálfað með laginu *Halló (nafnið)* og tákni sínu. Einnig eru þau æfð í að svara spurningum um sig sjálf eins og t.d. *Hvað heitir þú?*



Áhersla er á að þau læri á umhverfi sitt, sig sjálf og öðlist þannig færni til að nefna hluti í sínu nánasta umhverfi. Með þessu móti verða börnin einnig meðvituð um sig sjálf og hvort annað sem veitir þeim öryggi og gefur þeim góðan tilfinningalegan og

félagslegan grunn. Ef börnin finna sig ekki örugg í umhverfi sínu tjá þau sig ekki þannig að vel er gætt að því að styrkja þau markvisst með þessum hætti.



Hlíð og Lind

Á þessum deildum dvelja börn á aldrinum 1 – 3 ára. Mikill bóklestur hefur einkennt veturinn og hefur verið lesið á hverjum degi og oft tvisvar á dag. Bókasafn skólans hefur verið notað óspart og þá hafa foreldrar verið hvattir til að lesa með börnum sínum heima. Einnig hafa börnin komið með bækur að heiman sem hafa verið lesnar í samverustundum í leikskólanum. Þá var m.a. settur upp bókakassi á Lind sem börn og foreldrar hafa bæði getað sett bækur í að heiman og tekið heim og hefur hann mikið verið notaður. Á Hlíð voru foreldrar hvattir til að koma með bækur á sínum tungumálum. Þar var einnig útbúið lítið söguhorn með bókum sem börnin gátu sjálf sótt í og var það mikið notað. Áhersla er lögð á að nota fjölbreyttar bækur sem höfða til ímyndunarafls og þroska barnanna. Í tilefni af degi íslenskrar tungu var sett upp skemmtileg töflusýning á Hlíð út frá ljóði Jónasar Hallgrímssonar: *Buxur, vexti, brók og skór ...* og fékk sýningin að lifa allan veturinn börnum og starfsfólki til mikillar ánægju.



Samstarf var á milli deildanna beggja um stuðning við tvítyngdu börnin. M.a. var sett upp söngsýning þar sem þrjár litháískar stúlkur æfðu og lærðu litháískt ljóð sem þýtt var á íslensku af kennurum og sungið á sal. Foreldrarnir fengu það hlutverk að æfa og kenna ljóðið heima á sínu máli en í leikskólanum var það æft á íslensku ásamt því að útbúin var bók með myndskreytingum um söguna í ljóðinu. Þótti flutningurinn takast afar vel og góður rómur gerður að söng stúlkanna sem sungu bæði á litháísku og íslensku.



Hefð er fyrir bangsaverkefni heim á báðum deildum og var engin breyting þar á í vetur. *Bangsinn Engilráð* fór heim með hverju barni þrisvar sinnum í vetur og var í tilefni af læsisverkefninu mælt til þess að lesin skyldi saga þegar *Engilráð* var í heimsókn. Það er mat deildarstjóra að þetta hafi skilað sér misjafnlega vel til foreldra.

Börnin á báðum deildum hafa æft sig í að koma fram á sal með söng og á Hlíð sýndu börnin nokkrar leiksýningar við mikinn fögnuð áheyrenda. M.a. voru settar upp sýningarnar: *Geiturnar þrjár* og *Gullbrá og birnirnar þrír*.



Sögugerð hefur verið iðkuð í allan vetur og hefur gengið vel. Bæði hafa loðtöflusögur verið mikið notaðar og eins hefur sögusköpun með þátttöku barnanna og með hjálp tússtöflu notið mikilla vinsælda. Sagan er þá teiknuð um leið og hún er spunnin og hefur það þótt gefa mjög góða raun til að halda athygli barnanna. Eru börnin þá gjarnan spurð út í mögulega framvindu sögunnar þar sem þau æfast bæði í að svara spurningum og tjá sig sjálf út frá eigin hugsun. Þykir þessi aðferð vera góð og skemmtileg tilbreyting á sama tíma og hún virkjar ímyndunarafl, sköpunargleði og málþroska barnanna mjög vel. Þá hafa söngvar, rím og þulur einnig verið mikið

iðkaðar og áhersla lögð á málörvun í öllum daglegum aðstæðum. *Tákn með tali* hefur verið nýtt sem hjálpartæki við málörvun bæði í söng og við matarborðið.

Jólagjöf barnanna á Lind til foreldra sinna voru afar falleg bókamerki sem þau útbjuggu og skreyttu með eigin myndverkum. Á Hlíð útbjuggu börnin eigin bækur með fallegum myndverkum og gáfu foreldrum sínum í jólagjöf.



Ritmálsefni var haft frammi fyrir börnin til að pára/skrifa í og nýttu þriggja ára börnin það töluvert til að æfa sig með stafina sína. Liður í ritmálsörvun var jafnframt að nýta frauðplaststafi og þá var ónýtu tölvuborði komið fyrir ásamt gömlum dagbókum og vasareikni og hafa þessi hjálpargögn notið mikilla vinsælda hjá börnunum.



Á Hlíð var skráð daglega í dagbók hvaða bækur var verið að lesa og á báðum deildum var mikil rækt lögð við gott upplýsingastreymi til foreldra með tölvupóstsamskiptum og þótti það gefast vel til að upplýsa um verkefnið. Almennt er það mat deildarstjóra að vel hafi gengið með læsisverkefnið á báðum deildum. Meðvitund um læsi hafi aukist hjá starfsfólki og er hugur í fólki að halda áfram á sömu braut. Þá er mikill áhugi á að bætt sé við sögupokum í skólanum sem nýst geti við samverustundir og að vel sé hugað að innkaupum bóka fyrir þennan aldurshóp.

Ból

Á Bóli eru í vetur börn á aldrinum 3 – 5 ára og hafa þau fengist við fjölbreytt verkefni sem að megninu til hafa tengst læsi með einum eða öðrum hætti. Mikil sögu- og ljóðagerð hefur verið iðkuð í allan vetur og hefur gengið vel. Börnin hafa verið áhugasöm og hafa samið margar sögur, bæði ein og í hópi. Þá hafa þau einnig myndskreytt margar sögurnar og hafa orðið til mörg listaverkin úr slíkri vinnu. Lögð hefur verið áhersla á að börnin endursegi sögurnar og mikið lagt upp úr upprifjun og endurtekningu. Sögurnar sem hafa verið samdar eru margvíslegar og ímyndunaraflið er frjótt og börnin eru ekki í vandræðum með að spinna og tjá sig. *Sögu grunnurinn* hefur verið notaður óspart við sagnasköpun og nýtist vel en einnig hafa verið samdar sögur á tússtöflu þar sem börnin hafa oft verið virkir þátttakendur.



Ljóðagerð hefur jafnframt verið ríkur þáttur í vetrarstarfinu og mjög oft tengd útiveru og gönguferðum í dalinn. Þannig hefur náttúran og fuglalíf í næsta nágrenni verið uppspretta margra dásamlegra ljóða hjá börnunum. Iðulega hefur ljóðagerðin verið samvinnuverkefni þar sem börnin eru hvött til að tjá sig um umhverfið og upplifanir í núinu og er þá skrifað jafnóðum niður eftir því sem ljóðinu framvindur. Eru börnin á Bóli orðin hagrön því að þurfa að nota öll skynfæri, sjón, lykt, heyrn og snertingu til að setja orð á hugsanir og tilfinningar. Stundum eru börnin beðin um að finna hluti í umhverfinu og eru þeir þá notaðir við ljóðagerð en á öðrum tímum er meira einblínt á upplifun þeirra og skynjun. Afraksturinn verður oft ævintýrlegur og ótrúleg sköpun og túlkun sem börnin sýna í þessum ferðum.

Gönguferð í rigningu

*Við sáum orma og einn snigil
og það er fullt af stráum,
og tré út um allt.
Greinar og steinar
og rennibraut úr vatni.*

*Vatnið lætur ormana stækka
vatnið er lítið og stórt,
það er mjótt og djúpt.*

*Vatnið er á litinn eins og á
kalt eins og heita pottur.
En fiskar þeir anda í vatni,
það eru engir fiskar,
því þetta er pollur en ekki
sjór.*

Skógurinn

*Í skóginum er vindur
en enginn fjöll.
Það eru tré, kuðungar
og tré búin að detta.*

*Og líka spýtur og laufblöð
og kannski bekkur líka.
Í skóginum er mest af brúnu,
það er vor.*

*Við fundum laufblöð
og laufblöðin fjúka.
Og þetta er padda,
hún fór þangað, hún flaug.*



Daglega hefur verið lesið á Bóli í sögustundum og iðulega oftast eftir því sem tækifæri hafa gefist. Í sögustundum er börnunum skipt í tvo hópa eftir aldri og leitast við að velja sögu sem hentar aldri og þroska barnahópsins. Við lesturinn hefur verið stuðst við *Orðaspjallsaðferðina* þar sem lögð er markviss áhersla á að bæta við orðaforða barnanna, útskýra og tala um ný orð og nota þau áfram í öðru samhengi við spjall og umræður. Hefur þessi aðferð gefist mjög vel og verður framhaldið. Í samverustundum hefur einnig verið unnið markvisst með orðaforða t.d. með því að biðja börnin um að botna setningar, hrósa hvort öðru, kynna sig og spjalla um ýmis mállefni sem eru þeim hagleikin.

Börnin á Bóli hafa þjálfast í framkomu á sal með því að leiða söng á fagnaðarfundum og þá hafa þau verið með uppfærslur á þjóðsögunum um *Búkollu* og *Gýpu*. Þau sýndu

einnig *ballett* og *skuggaleikhús* við tónlist úr *Svanavatninu*. Allar þessar sýningar voru metnaðarfullar og mikil vinna lögð í undirbúning og æfingar enda tókust þær með eindæmum vel og börnin voru yfir sig ánægð með sína þátttöku.



Á hverjum degi er sungið og hefur smám saman verið unnið með erfiðari texta eftir því sem barnahópurinn hefur þroskast. Þá hefur einnig verið unnið markvisst með að klappa atkvæði út frá nöfnum og fjölbreyttum orðaforða. Einnig hafa verið notaðir tónstafir til að hjálpa börnunum að finna atkvæðin og hefur það gefist vel. Vísan *Einnota læsisvísur* voru notaðar framan af vetri og voru börnin fljót að tileinka sér vísuna. Jólagjöf barnanna til foreldra sinna var bókagerð þar sem voru m.a. sjálfsmyndir og mynd af fjölskyldunni og frumsamdar sögur með myndskreytingum. Þó nokkrar ferðir voru farnar í vetur, m.a. á Bókasafn Kópavogs, Árbæjarsafn og Sjóminjasafnið í Reykjavík.




Daglega var skráð í *dagbók* sem hékk frammi fyrir foreldra til að glugga í og þá var einnig settur upp *póstkassi barnanna* á deildinni til að koma með bréf að heiman og reyna þannig að efla enn frekar tengsl við foreldra barnanna á deildinni. Misjafnt var hvernig þessu framtaki var tekið, sum börnin voru mjög dugleg að koma með bréf að heiman en því miður vantaði þó nokkuð upp á að allir foreldrar tækju þátt í verkefninu. Stefnt er að því að halda þessu verkefni áfram næsta vetur.



Lækur

Á Læk eru í vetur börn á aldrinum 3 – 6 ára og hefur starfið tekið mið af hverjum aldurshópi fyrir sig. Mikil fjölbreytni hefur einkennt vetrarstarfið þar sem hæst ber mikil útivera og dalaferðir tvisvar í viku að öllu jöfnu. Ferðirnar tengjast oft öðru starfi á deildinni og ýmis verkefni unnin í útiverunni sem unnið er áfram með í hópastarfi innanhús. Má þar t.d. nefna viðfangsefni tengd hausti og náttúrunni í dalnum, fuglalífi, sögu- og ljóðagerð, vísindatílaunum með efnivið úr náttúrunni, og stærðfræðihugtök.

Ljóðagerð í Ævintýragarðinum



Mikið hefur verið lesið á Læk í vetur og áhersla lögð á alls konar bækur sem henta mismunandi þroska barnanna. Hjá elstu börnunum var tekin upp sú nýlunda að lesa fyrir þau í hvíld og hefur það þótt takast mjög vel. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á að lesa lengri skáldsögur fyrir þann hóp og á skólinn þó nokkuð úrval af góðum klassískum bókum sem henta eldri börnum, bæði íslenskum og þýddum erlendum bókum.



Póstkassi barnanna var settur upp um haustið og var það nýjung í húsi og heppnaðist með eindæmum vel á deildinni. Voru foreldrar mjög áhugasamir og iðnir við skrif með börnum sínum og þöktu bréfin heilan töfluvegg í lok maí þegar honum var lokað. Var það samdóma álit allra að póstkassinn hafi rækilega sannað gildi sitt og ljáð ekki hvað síst feimnum og óframfærum börnum rödd innan hópsins en þau voru einstaklega dugleg að koma með bréf að heiman. Önnur börn tóku jafnframt þátt af miklum krafti og gaman var að fylgjast með því hve ánægð og áhugasöm öll börnin voru fyrir bréfunum frá félögum sínum.



Börnin á Læk settu upp nokkrar sýningar yfir veturinn sem sýndar voru á sal, m.a. flutti stúlknaþópur *Geiturnar þrjár* og yngri börnin á deildinni settu upp eigið frumsamið leikrit. Þá stýrðu þau reglulega fagnaðarfundum á sal með fjöldsöng.

Jólagjöf barnanna á Læk til foreldra sinna var læsistengt verkefni þar sem hvert barn samdi eigin sögu og teiknaði mynd út frá sögunni.



Elstu börnin hafa sótt ýmsar sýningar og tekið þátt í fjölmörgum verkefnum í allan vetur. M.a. sóttu þau *Ljóðasmiðju* á vegum Bókasafns Kópavogs sem tengist Barnamenningarhátíð í bænum. Þar lærðu þau að semja ljóð út frá ýmsum kveikjum og hugmyndum og var námskeiðið mikil og góð uppspretta fyrir þau og kennarana. Í kjölfarið sömdu þau mörg ljóð og unnu myndverk tengd eigin ljóðum sem voru til sýnis á *Barnamenningarhátíð Kópavogs* 26. apríl 2017. Þetta verkefni þótti mjög vel heppnað og vakti almenna ánægju þeirra sem tóku þátt.



Börnin tóku þátt í árlegri vinagöngu með öðrum leik- og grunnskólum á svæðinu þar sem endað er á uppákomu í Snælandsskóla og þá sóttu þau sýningar í *Þjóðleikhúsið* og *Hörpuna* og fengu einnig árvissa heimsókn frá *Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins* sem er sívinsæl. Einnig fóru þau á skemmtilega sýningu í *Norræna Húsið* þar sem var sýningin *Öld barnsins* og kynntust þar ýmsum munum tengd æskunni síðastliðin hundrað ár. Elstu börnin tóku einnig þátt í *Tónlistarhátíð Kópavogs* 28. apríl 2017. Meðal annarra verkefna sem elstu börnin unnu var útsaumsmynd út frá þemun sem þau ákváðu sem voru vinátta og ljóð og drekar og ljóð.



Hefð hefur skapast fyrir því í Álfatúni að elsti barnahópurinn sé í kór undir stjórn Nínu okkar Moravék, sem er menntaður kórstjóri og afar fær á sínu sviði. Kórin æfir einu sinni í viku allan veturinn og setur upp tvær sýningar. Annars vegar helgileik í desember og svo söngskemmtun við útskrift í lok maí. Mikið nám fer fram samhliða söngnum og læra börnin ógrynni ljóða og texta yfir veturinn og víst er að þau búa vel að þessu starfi við áframhald skólagöngunnar.



Sameiginleg verkefni á hæðinni

Mikið hefur verið lagt upp úr *læsishvetjandi umhverfi* á hæðinni og hefur starfsfólk beggja deilda, Bóls og Lækjar unnið gott starf í að merkja hluti og hafa efnivið til ritunar sýnilegt og aðgengilegt börnum í leik og starfi. Sú nýbreytni var tekin upp á Bóli um haustið að merkja valspjöld barnanna með nöfnum en áður höfðu þau verið með andlitsmyndum þeirra. Greinilegt var að þetta hvatti börnin til að læra stafina og voru þau afar áhugasöm um nöfnin sín og annarra í félagahópnum og tíð skrif og merkingar við alls kyns verkefni voru stunduð af kappi.

Í tilefni af *Degi leikskólans 6. febrúar* samdi hvert barn ljóð og skreytti ásamt texta frá leikskólanum sem foreldrar fengu með sér til að hengja upp á vinnustöðum sínum. Þessi háttur hefur verið hafður á síðastliðin ár og er ætlað að kynna starfið í leikskólanum.



Á vormisseri var settur upp *bókaormur* í 5 vikur þar sem foreldrar voru hvattir til að lesa heima á hverju kvöldi fyrir börn sín og skrá síðan bækurnar á miða sem hengdur var upp. Ormurinn dafnaði mjög vel og fékk mikið fóður á meðan á þessu verkefni stóð og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Er þetta í annað sinn sem þessi háttur er hafður á.

Lokaorð

Leikandi læsi mun nýtast okkur á margvíslegan hátt. Byrjað var á því að færa bókasafnið á nýjan og sýnilegri stað í húsinu sem hefur fært bókina nær eldri börnunum og teljum við að það sé vel. Bækur eru notaðar á hverjum degi, í leik og við lestur og skoðun. Þá höfum við einnig aukið sýnileika og aðgengi að ritmálsefni og hefur það skilað sér afar vel í leik barnanna. Mikil áhersla var sem fyrr lögð á talað mál í öllum daglegum aðstæðum og hvatt til samræðna og söngstunda í barnahópnum. Starfsfólk hefur sótt sér ýmiss konar fræðslu tengda læsi og fundið nýjar og skapandi leiðir til að vinna með læsi í daglegu starfi, m.a. með ljóða- og sögugerð, loðtöflusögum, frjálsum spuna í samverustundum, dansi, hreyfingu og uppfærslum á leikritum. Verkefnið hefur skerpt sýn starfsfólks á mikilvægi læsis á þessu fyrsta skólastigi og fest í sessi ýmsar nýjungar sem áhugi er á að viðhalda. Má þar t.d. nefna dagbækur og póstkassa barnanna sem hvoru tveggja eru góðar tengingar við heimilin. Verkefnið hefur einnig opnað betur augu starfsfólks á stöðu tvítyngdra barna og hve miklu skiptir að örva og styrkja þau sem best í íslensku máli til að þeim líði vel í jafningjahópi. Lögð verður áhersla á að rækta betur þann þátt í starfinu.

Fjölbreytni hefur einkennt starfið og verkefnið verið góð innspýting í daglegt starf. Leiðarstefið hefur verið læsi í víðum skilningi og samþætting þess við leikinn. Starfsfólki hefur gengið vel að vinna með verkefnið og almenn ánægja ríkir um hvernig til hefur tekist. Stefnt er að því að halda áfram á sömu braut þar sem sköpunarkraftur og gleði barnanna fá að njóta sín.

Að lokum er rétt að vísa sérstaklega í fylgiskjal 4 hér að aftan þar sem er að finna fundargerð fagfólks frá 18. maí 2017 þar sem teknar voru saman niðurstöður læsisverkefnis vetrarins.

Endurmat frá leikskólastjóra

Sameiginlegt læsisverkefni með öllum leikskólum Kópavogs var í alla staði mjög gott út frá mínu sjónarmiði. Það var mjög gott að hafa sama þráð í leikskólanum og sömu markmið því það tengir fólk saman. Kennararnir voru sammála að það hefði gefist mjög vel og vel unnið á öllum deildum – fjölbreytt eftir aldri og áhugasviði. Nauðsynlegt er að hafa verkefnastjóra til að halda utanum verkefnið enda margir þræðir til að tengja þegar allar deildir vinna saman. Okkar verkefnastjóri stóð sig mjög vel enda fagmaður og með metnað fyrir verkefninu. Ég er stolt með okkar framlag til læsisstefnu Kópavogs.

Fylgiskjal 1

Þróunarstarf – Mál og læsi (*Læsi er meira en stafa staut*). Guðrún Bjarnadóttir, haust 2016.

Leikskólinn hefur mikil áhrif á uppeldis- og námsaðstæður barna. Þróunarstarf hefur um árabil verið notað til þess að auka og þróa gæði leikskólastarfs, það felur í sér óskir um að bæta starfið í leikskólanum á markvissan og skipulegan hátt og einnig að fara nýjar leiðir í leikskólastarfi. Leikskólinn hefur ákveðna sögu og mótaða hugmyndafræði sem mikilvægt er að halda í. Á sama tíma eru allar breytingar örar, með nýjum kröfum og spennandi viðfangsefnum. Í þessum breytingum þarf innra starf leikskólans sífellt að vera í skoðun og endurnýjun til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hans. Til þess að viðhalda og þróa ákveðin gæði í leikskólastarfi er nauðsynlegt að stuðla að skipulögðu þróunarstarfi í leikskólanum.

Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla (2011) eru samskipti og læsi einn af grunnþáttum menntunar og fléttast inn í allt leikskólastarf. Þjóðarsáttmáli um eflingu læsis er einning í gangi og í haust mun mál- og læsisstefna fyrir leik- og grunnskóla í Kópavogi verða sett í framkvæmd. Nýlegar rannsóknir sýna að ef börn fá snemma fjölbreytta örvun tengda máli, tjáningu og læsi hefur það mikil áhrif á áhuga og getu þeirra í námi og þroska. Þó leikskólinn hafi lengi sinnt þessum þáttum vel þarf að skerpa á þeirri vinnu, í ljósi nýrra rannsókna, gera hana sýnilega og samtímis að taka tillit til hvernig ung börn þroskast og læra. Verkefnið er samvinnuverkefni leikskólanna í Kópavogi og verkefnasjórar koma frá menntasviði Kópavogs, leikskóladeild og úr hópi leikskólakennara í Kópavogi. Hver leikskóli tekur fyrir mismunandi verkefni sem lúta að ofangreindum þáttum og er verkefnastjóri í hverjum leikskóla fyrir sig. Verkefnin lúta m.a. að því að efla orðaforða leikskólabarna, efla málskilning, auka áhuga á söng, ljóðum/vísum og lestri bóka, efla getu þeirra til hlustunar og tjáningar og vekja áhuga á að byrja að lesa.

Þróunarstarf er misjaft að umfangi. Þróunarstarf getur verið langtíma- eða stímtíma- þar sem verkefnið er viðamiklað og margir koma að því, önnur eru afmarkaðri og taka styttri tíma. Okkar verkefni nær yfir ákveðin tíma þ.e. skólaárið, haust 2016 - vors 2017. Margir koma að þessu verkefni, hópstjórar, starfsfólk, börn, foreldrar og skólaskrifstofa. Þróunarstarf er sett saman úr mismunandi þáttum og þessir þættir mynda eina samstæða heild þeir sem ætla að vinna þróunarstarf í leikskóla þurfa því að huga fyrirfram að framvindu verkefnisins, frá upphafi til enda.

Ykkar verkefni gengur út á að vinna að ákveðnu þróunarstarfi, sem þið veljið, út frá áhuga, til þess að vinna með í leikskólanum.

Nokkur atriði sem þarf að skoða, skipuleggja og vinna með

- **Í hverju er viðfangsefnið fólgið?**
 - Verkefnisspurning (heiti verkefnisins)
 - Stýrir þeirri vinnu sem framundan er
 - Allir þeir sem koma að verkefninu verða að hafa sameiginlegan skilning á því, sérstaklega verkefnaspurningunni og umfjöllun um hana
 - Allir verða að skilja um hvað málið snýst
 - Nota tíma til þess að skoða þessa þætti vel
 - **Markmið**
 - Hvert er markmið verkefnisins
 - Að leggja grunn að þróun bernskulæsis hjá börnum

- Efla fjölbreytta vinnu með alla þætti málþroska, málskilnings, tjáningar og læsis í leik og skapandi starfi barna
 - Auka hæfni og þekkingu sarfsmanna á viðfangsefninu og styrkja þá í starfi sínu
 - **Markmið hvers leikskóla sem tekur þátt**
- **Markhópur eða –hópar**
 - Að hverjum beinist verkefnið? (börnum, hvaða hópum....)
 - Skipulagning/tímarammi (hvenær á að vinna verkefnið)
- **Umsjónarhópur verkefnis**
 - Hverjir stjórna og taka þátt í verkefninu?
- **Framkvæmd**
 - Innleiðing verkefnis á vettvangi-hvernig fer hún fram?
- **Mat**
 - Mat þarf að vera heildstæður hluti af verkinu
 - Ferli. Hvað gerðist í ferlinu?
 - Afurð. Hverju náðum við og/eða hver var niðurstaðan?
- **Skýrslugerð**
 - Áhugi á því að safna saman og miðla reynslu af þróunarstarfi
 - Þátttakendur koma þekkingu sinni, reynslu og niðurstöðum á framfæri.
 - Margir hafa áhuga á því að læra af slíkum verkefnum
- **Kynning vor 2017**

Fylgiskjal 2

Þróunarverkefnið Mál og læsi: *Leikandi læsi í Álfatúni skólaárið 2016 – 2017*. Þrjár megináherslur eru í þróunarverkefninu *Leikandi læsi í Álfatúni*:

Börnin og starfið:

Ritmálsörvun er rauður þráður – alltaf. Blýantar, blöð, stafir og stafrófið, leitast við að gera umhverfið ritmálsvænt með texta um allt hús.

Sögur og sögugerð, kvæði, ljóð og ljóðagerð, spuni, leikur, dans og leikrit. Lögð rækt við að æfa börnin í að koma fram í stærri og minni hópum.

Lesið í litlum hópum, við öll tækifæri í öllum rýmum.

Útvarpið – og þá erum við að tala um „Gömlu gufuna“ – þar sem vandað íslenskt talmál er í boði fær að flæða um deildir.

Bullusögur, fjölbreyttar bækur, harðspjaldabækur, flettibækur, endurvinnu bækur, eigin bókagerð með frumsömdum sögum, ljóðum og fjölbreyttum myndverkum.

Foreldrasamstarf:

Bókaormur. Foreldrar hvattir til að lesa heima alla daga og fara með börnin sín á bókasöfn.

Póstkassinn þar sem börnin setja sín bréf í og hafa etv fengið hjálp frá foreldrum við sögugerð. Góð leið fyrir börnin til að tjá sig og koma hugsunum og hugmyndum að ásamt því að æfa sig í framkomu.

Foreldrar hvattir til að koma með tónlist og lög á sínum tungumálum.

Skoða dagbók um starfið og vera upplýstir um verkefnið í póstum frá deildarstjórum.

Foreldrum verður boðið á fyrirlesturinn: Samræðulestur – lifandi lestraraðferð.

Starfsfólkið:

Rauður þráður í vetur: tengja ætíð við verkefnið, leita hugmynda og ræða saman í starfsmannahópi

Leita hugmynda fyrir læsisverkefnið í útiveru, spinna út frá hugmyndum barnanna. Skapa umræður í útiveru, gera sögur og ljóð.

Skerpa á TMT á hverri deild, bangsinn Engilráð, loðtöflur, fagnaðarfundir verða með læsistengdu ívafi, sögugrunnur, efla bókakost

Endurvinnu gamlar ónýttar bækur í nýjar bækur – börnin geti gengið í efni og búið til t.d. hópbók/deildarbók og jafnvel skúlptúra og myndverk

Gagnlegt að skoða síðurnar: bornogbækur.is og bornogtonlist.is ásamt fleiru

Skipulagsdagar skólaárið 2016-2017 nýttir til umræðu og undirbúnings á læsisverkefninu.

Æfingar í spunasögum – á skipulagsdegi haustið 2017.

Hugsa; hvar er áhugi barnanna og hlusta á börnin.

Fara á bókasöfn, og etv. fá gesti til að lesa fyrir börnin.

Skráningar og námssögur (ath. ferilmöppur): nýta l-pada og taka upp samtöl.

Margmenning : leika með tungumálið, syngja á mörgum tungumálum.

Sögupokar og töskur. Hafa börnin með í að útbúa leikmuni eftir því sem hægt er.

Töfrabókataska í gönguferðir o.s.frv.

Símenntun – fræðilestur: Græni kassinn á kaffistofu með fjölbreyttu lesefni, ítarefni og öðru sem tengist læsisverkefninu.

Við leggjum einnig áherslu á:

Að við öll virðum bækur, þykjum vænt um bækur, njótum fjölbreytts lesturs og umgöngumst bækur af virðingu. Bókasafnið okkar hefur verið fært á nýjan sýnilegan stað í húsinu og við leggjum okkur fram um góða umgengni. Við leggjum áherslu á gæði í bókakosti og kaupum vandaðar bækur þar sem tekið er tillit til jafnréttishugsjóna, fjölbreytileika og fjölmenningar.

Fylgiskjal 3

Samantekt á umræðum hópa þann 17. mars 2017 um *Leikandi læsi*. Áframhald umræðu fyrir fagfund 18. maí 2017 (LK/JP).

Við unnum út frá tveimur spurningum og er samantektin hér að neðan afrakstur umræðna hópanna.

- **Spurning 1 var:**
Hvaða viðbætur viljum við sjá í læsisstefnu Álfatúns?
- **Spurning 2 var:**
Hvernig getum við stuðlað að því að samþætta leikandi læsi í daglegt starf barnanna í Álfatúni?

Samantekt umræðna í hópum:

Börnin:

Í Álfatúni leggjum við áherslu á að samþætta leikandi læsi í daglegt starf barnanna. Umhverfið ber þess víða merki með myndum á veggjum, stafrófi, tölustöfum, merkingum og texta um allt hús. Þá er ritmálsörvun ríkur þáttur með góðu aðgengi að pappír og ritföngum í leik eftir því sem hæfir aldri barnanna. Bækur eru sýnilegar og aðgengilegar börnunum í leik, samveru- og næðisstundum. Við leggjum ríka áherslu á að við virðum bækur, njótum fjölbreytts lesturs og umgöngumst bækur af virðingu. Lögð er áhersla á gæði í bókakosti og keyptar vandaðar bækur þar sem tekið er tillit til jafnréttishugsjóna, fjölbreytileika og fjölmennings.

Áherslur okkar er á læsi í víðum skilningi þar sem við leggjum okkur fram um að skapa aðstæður þar sem börnin fá ríkuleg tækifæri til að:

- fara í leiki sem efla málið
- láta rödd sína heyrast í stærri og smærri hópum
- hlusta á og segja sögur og þjálfast í sögu- og ljóðagerð
- syngja og klappa atkvæði og stafi, rím og takt
- lesa í og leika sér með tölur og stafi
- setja orð á allar athafnir
- efla framkomu og leikræna tjáningu
- uppgötva læsi í umhverfinu, m.a. náttúru og dýralíf í Fossvogsdalnum
- heimsækja menningarstofnanir og -viðburði, t.d. Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Árbæjarsafn og Sjóminjasafnið

Foreldrasamstarf:

- Meiri hvatning til foreldra um mikilvægi lesturs barna
- Upplýsa foreldra betur um læsi/bernskulæsi og mikilvægi þess
- Finna fleiri tengingar við foreldra
- Hvetja foreldra til að heimsækja bókasöfn með barninu
- Bjóða upp á bókakassa frá Bókasafni Kópavogs fyrir aldur barna á deildinni sem þau fá lánaðar heim. Þegar fimm bækur eru lesnar fá börnin verðlaun (límmiða/bók) frá leikskólanum.
- Foreldrar komi með sínar upphaldsbækur úr æsku og við lesum bækurnar.
- Upplýsa um mikilvægi endurtekningar á lestri bókar fyrir börnin.
- Fá bækur frá öðrum löndum / þýða
- Foreldrar komi með tónlist frá sínu landi
- Póstkassi – foreldrar skrifa með börnunum og ljá þeim rödd í hópnum

- Dagbók – sem foreldrar lesa á degi hverjum
- Bangsi heim – Engilráð – hvatt til lesturs með bangsa
- Mappa með fjölskylduupplýsingum og –myndum
- Bókaormur með lestri heima við
- Hvetja börn til að koma með bók að heiman. Má stýra því t.d. með því að setja “lestrarorm” í hólf barnsins sem eru þá skilaboð um að næsta dag megi koma með bók í leikskólann

Starfsfólkið:

- Námskeið / fyrirlestrar / fræðsla
- Spinna út frá hugmyndum barnanna
- Vera meðvituð um samlestur með börnunum og endurtekningu
- Leita hugmynda: bornogbækur.is og bornogtonlist.is ásamt fleiru
- Efla loðtöflusögur og töflusögur
- Sögupokar: kaupa og útbúa
- Merkja box / leikföng
- Hafa góðan efnivið
- Skrifa á upplýsingatöflur/dagbók á Bóli
- Tölvupóstar til foreldra

Þurfum að spá í og taka afstöðu til á lokafundi 18. maí:

- Festa í sessi það sem við höfum verið að gera
- Samræmi milli deilda / innan leikskólans
- Skráningar – Ipad o.fl.
- Bangsinn heim (Engilráð) – fleiri deildir taki þátt?
- Bassi – málörvunarefni
- Orðaspjallsaðferð við lestur / Ból
- Auka TMT – námskeið fyrir áhugasama?
- Lubbi finnur málbein – námskeið fyrir áhugasama?
- Vinabangsinn Blær
- Athuga með að nota Leikum og lærum
- Fjölmennning – hafa matar eða menningarþema, t.d. í framhaldi af bókaormi á vormisseri
- Menningarlæsi – ath. menningarstofnanir og tengingar Kópavogs við þær
- TRASS – skráning á málþroska 2-5 ára barna??
- Tvítyngi – málörvun

Fylgiskjal 4

Fagfundur 18. maí 2017

Mættar: Lilja, Guðrún, Jóa, Anna Björg, Silja og Linda

Lokafundur vegna læsisverkefnis.

Lilja fór yfir gögn frá Jönu m.a. það sem hún tók saman frá umræðuhópunum á skipulagsdegi.

Áherslur okkar fara í starfsáætlun næsta skólaár og svo tengjum við inní námskrána.

Rætt var um bækur – gæði bóka – val starfsfólks og val foreldra – við viljum ekki hvaða bækur sem er að heiman. Allir vilja halda því inni að börnin komi með bækur að heiman og finna leiðir sem henta hverri deild með það.

Skoða samstarf við Bókasafn Kópavogs með að fá bókakassa til að foreldrar taki með heim – ekki senda bækurnar okkar heim. Það þarf að fara yfir eldri bækur í okkar bókasafni með tilliti til innihalds bókanna og skilaboða/gilda – hvað erum við að lesa fyrir börnin ?

Ritmálsörvun má auka (merkingar- tölustafi - texta) og á yngri deildum megum við nota meira myndir til að merkja bæði leiksvæði og leikefni.

Sögugrunnur getur nýst fleiri deildum – athuga aðgengi. Við höfum póstkassann áfram á efstu hæð yfir veturinn. Bókaormurinn er fínt verkefni í tengslum við Viku móðurmálsins og verður áfram.

Engilráð, efsta hæðin vill gjarnan taka þátt í því, miða við að hver og einn fari með hann heim einu sinni til tvisvar á ári.

Bassi er spennandi, einnig Lubbi – heyrst hefur af skemmtilegri tengingu við verkefni með Íslandskorti

Fjölmanning - í henni felst mikið læsi – skoða fyrir dagatal næsta skólaárs.

Fáum við Elínu og Karen til að sauma pokana ? Við ætlum líka að skoða sögu-poka í Ikea.

Nota töskur líka svo við getum komið þessu í gagnið.

Tras þekkjum við ekki nógu vel til að taka afstöðu til.

TMT – Skerpa þarf á því fyrir næsta skólaár og óskað eftir að Eva og Herdís verði aftur með sitt góða námskeið á skipulagsdegi.

Tölvupósta má nýta sem leið til að miðla þekkingu til foreldra og kynningarfund nýrra foreldra.

Það má auka ferðir í menningarstofnanir bæjarins næsta skólaár.

Nota leikum og lærum ofl.

Börn mánaðarins – afmælisbörn á myndum gefst vel – hugmyndir að gera meira úr afmælisdegi s.s. búningur fyrir afmælisbarnið

Von er á yfirferð og upplýsingum varðandi Ipadana og skoða þarf kaup á nýju efni í því samhengi.

Munum leikskóla – leiðina – gegnum leikinn og að leyfa börnunum að spinna – ekki fyrirfram ákveðið – við erum hvetjandi og vekjum athygli barnanna og þá „fljúga þau af stað“ ☺